

Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.

11. gr.

Ágangur álfta og gæsa.

Heimilt er að greiða stuðning skv. 8. gr. vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlandi bænda. Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveður hvort nota eigi heimild til þessa stuðnings. Verði heimildin nýtt skal ákvörðun þess efnis liggja fyrir eigi síðar en 20. september ár hvert.

Framleiðendur skuli skila inn rafrænni tjónaskýrslu í umsóknarkerfi Matvælastofnunar og er frestur til þess 20. október á því ári sem tjón verður.

Sé ákveðið að nýta heimild til að veita stuðning vegna ágangs álfta og gæsa skal stuðningur reiknaður með eftirfarandi hætti:

Hlutfallslegt tjón á uppskeru vegna ágangs álfta og gæsa	Umfang tjóns á tjónaskýrslu	Álag á stuðul umsóknar
Yfir 75%	Meiriháttar 76-100%	76%
Milli 50-75%	Verulegt 51-75%	51%
Milli 26-50%	Umtalsvert 26-50%	26%
Milli 11-25%	Nökkuð 11-25%	11%

12. gr.

Fullnægjandi skil á skýrsluhaldi.

Til þess að uppfylla skilyrði um fullnægjandi skýrsluhald í jarðrækt þarf að uppfylla skráningar í Jörð og skrá eftirfarandi:

- Nafn, kennitala og heimilisfang framleiðanda, búsúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er á ÍSAT-númer búrekstrar samkvæmt skráningu á RSK.
- Virkt virðisaukaskattsnúmer búrekstrar.
- Eftirfarandi upplýsingar um hverja ræktunarspildu úr Jörð:
 - Nafn og/eða númer spildu.
 - Hnitsetning spildu byggð á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Túnkortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum.
 - Ræktun, þ.e. gras, grænófóður, korn, olíujurtir eða útiræktað grænmeti.
 - Tegund og yrki, þegar sótt er um jarðræktarstyrk.
 - Stærð spildu í hekturum.
 - Ræktunarár, ef ræktað síðastliðin 5 ár.

4. Heildaruppskera í kg þurrefnis fyrir hverja spildu.
5. Heildaruppskeru í kg í útiræktuðu grænmeti.

Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal Matvælastofnun byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun með viðurkenndum aðferðum.

13. gr.

Úttektir.

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt.

Til að standast úttekt vegna jarðræktar og landgreiðslna þarf að liggja fyrir fullnægjandi stafrænt túnkort af ræktarlandinu í Jörð.

Úttektaraðili sannreynir stærð ræktunar og hvort skilyrði til styrkveitinga eru að öðru leyti uppfyllt þar með talin styrkveiting vegna ágangs álfta og gæsa ef heimild til slíks er nýtt. Heimilt er að vettvangsúttekt fari einungis fram með tilviljunarkenndu úrtaki, óháð umfangi ræktunar.

Úttektaraðili skal vera starfsmaður búnaðarsambands eða leiðbeiningarmiðstöðvar sem hefur almenna þekkingu á viðkomandi sviði og Matvælastofnun viðurkennir. Um fyrirkomulag úttekta og kostnað við þær skal kveðið á um í samningnum Matvælastofnunar við úttektaraðila.

Úttektir á framkvæmdum skulu berast Matvælastofnun fyrir 15. nóvember á sama ári eftir að umsókn berst og skulu styrkir greiddir fyrir árslok.

Úttektir skulu skráðar með hnitsetningu í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar.